

Menningar- og ferðamálnefnd Hafnarfjarðar (MOF) f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579 og Sönghátíð í Hafnarborg, (SH) kt. gera með sér svofelldan:

SAMNING

Um fjárstuðning Hafnarfjarðarbæjar við Sönghátíð í Hafnarborg á tímabilinu 1.1.2019 – 31.12.2021.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Hafnarfjarðarbæjar við SH er að:

- koma list raddarinnar á framfæri
- veita Hafnfirðingum og öðrum aðgang að tónleikum og viðburðum á sviði sönglistar
- veita Hafnfirðingum og öðrum aðgang að námskeiðum á sviði sönglistar bæði fyrir byrjendur og lengra komna
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð

2. gr. Framlag Hafnarfjarðarbæjar

Á samningstímanum leggur MOF SH til í beinum fjárframlögum kr.:

kr. 800.000 árið 2019

kr. 800.000 árið 2020

kr. 800.000 árið 2021

Upphæðin greiðist í einni greiðslu og skulu forsvarsmenn SH senda löglegan reikning til Hafnarfjarðarbæjar, með skýringu „Sönghátíð í Hafnarborg, samstarfssamningur, (ártal)“

3. gr. Framlag og markmið Sönghátíðar í Hafnarborg

SH hefur verið mikilvægur þáttur í tónlistarlífi í Hafnarfirði undanfarin tvö ár og lífgað upp á tónlistarsumarið í Hafnarborg, þegar hádegistónleikaröðin tekur sér sumarfrí. Sjálfstætt starfandi tónlistarmenn settu hátíðina á laggirnar í upphafi til að skapa fagmönnum á sviði sönglistar tækifæri til menntunar og tónleikahalds yfir sumartímann. Master-class fyrir unga söngvara er lykilþáttur í hátíðinni sem og skapandi tónlistarsmiðjur fyrir börn sem unnar hafa verið í samstarfi við Hafnarborg.

SH skipuleggur og heldur sönghátíð sem stendur að lágmarki í 5 daga að sumarlagi í Hafnarborg öll þrjú samningsárin.

4. gr. Ábyrgð

SH ber ábyrgð á að starfsemi hátíðarinnar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. SH ber ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. SH er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni SH, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að SH sé styrkt af Hafnarfjarðarbæ og birtir SH merki Hafnarfjarðarbæjar í því skyni. Tengja má ferðavefsvæði

höfuðborgarsvæðisins www.visitreykjavik.is við vefi SH til að kynna Hafnarfjörð sem best sem menningarlegan áfangastað.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Ritari menningar- og ferðamálanefndar er tengiliður samningsins við SH. SH skal skila árlegri skýrslu þar sem fram kemur dagskrá, aðsóknartölur, uppgjör og lýsing á kynningarmálum til ritara MoF í síðasta lagi 10. október ár hvert.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur SH hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Hafnarfjarðarbæjar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til SH hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við úthlutunarreglur menningarstyrkja frá 10.01.2019. Samningurinn gildir til 31. desember 2021. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar- og ferðamálanefndar og bæjarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Hafnarfirði xx. mars 2019

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Sönghátíðar í Hafnarborg